

---

## Minnisblað

Dagsetning: 03. október 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 2001208/6.1.1

### **Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að hertum opinberum aðgerðum innanlands vegna COVID-19.**

---

Undanfarna daga eða frá 15. september 2020 hefur orðið veruleg aukning í fjölda einstaklinga sem greinst hafa með COVID-19, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi smit voru flest í byrjun rakin til kráa og skemmtistaða í miðbæ Reykjavíkur en síðustu dagana hefur veiran náð að dreifa sér víðar á höfuðborgarsvæðinu og út á landsbyggðina.

Frá 15. september til 1. október hafa um 560 einstaklingar greinst með COVID-19 innanlands og hefur daglegur fjöldi nýgreindra verið um 30-40 og hefur hlutfall þeirra sem er í sóttkví verið um 50%. Á sama tíma hefur fjöldi þeirra sem veikst hefur alvarlega aukist og hafa um 20 einstaklingar þurft á sjúkrahúsinnlögn að halda. Í dag (2. október) eru 13 einstaklingar inniliggjandi á Landspítala, þrír á gjörgæslu og þar af tveir á öndunarvél. Að auki er nokkur fjöldi sýktra í stöðugu eftirliti COVID göngdeildar og líklegt að verði innlagðir á næstunni. Þannig eru nokkuð áreiðanleg merki um að veira sé ekki veikari en hún var sl. vetur.

Spálíkan vísindamanna við HÍ sem birt var a dögum bendir til að núverandi bylgja muni a.m.k. standa út október og muni um eða yfir 1.000 manns sýkjast. Ef lítið er til afleiðingar sjúkdómsins sl. vetur þá má búast við að í þessari bylgju muni um 60-70 einstaklingar þurfa á sjúkrahúsvist að halda, 17 þurfi að leggjast inn á gjörgæsludeild, 10 þurfi á aðstoð öndunarvélar að halda og sex einstaklingar látast. Þess ber þó að geta að hugsanlega eru hlutfallslega fleiri sem greinast með veiruna nú vegna aukinnar sýnatöku og að hlutfall þeirra sem veikjast mikið kunni því að verða lægra en var í vetur þegar fyrsta bylgja faraldursins gekk.

Í samræðum við forsvarmenn Landspítalans hefur komið fram að spítalinn muni að líkindum ráða við þann fjölda COVID sýktra einstaklinga sem fyrsjáanlegt er að þurfi að leggjast inn á næstu þremur vikum. Þetta verður þó aðeins mögulegt ef gripið verður til ýmissa tilfæringa innan sem utan spítalans einkum er varðar útskriftir einstaklinga sem lokið hafa meðferð og er sú vinna í gangi. Þá kann að verða áskorun að tryggja viðeigandi mönnun gjörgæsludeilda. Sjúkrahúsið á Akureyri hefur einnig getu til að annast veika sjúklinga með COVID-19 og er þeirra geta ekki inni í þessum áætlunum.

Þann 18. september var gripið til opinberra sóttvarnaráðstafana sem fólust í 200 manna fjöldatakmörkunum, eins metra náandarreglu, lokun kráa og skemmtistaða, tilmæli um aukna fjarvinnslu hjá starfsfólki fyrirtækja og skólafólki framhalds- og háskóla og tilmæla um aukna grímnotkun. Krár og skemmtistaðir voru síðan opnaðir þ. 28. september með frekari skilyrðum um eingöngu sitandi gesti.

Á síðustu dögum hefur daglegur fjöldi nýgreindra verið nokkuð stöðugur eða um 30-40 einstaklingar á dag og því ljóst að ekki hefur tekist með núverandi aðgerðum að ná viðunandi

tökum á faraldrinum. Að einhverju leyti kann það að stafa af því að smitakning er orðin erfiðari en áður var. Sumpart vegna verri samvinnu við einstaklinga og getur því liðið nokkur tími þar til náð hefur verið í einstaklinga sem þurfa að fara í sóttkví.

Í ljósi þess að faraldurinn er nú í línulegum vexti og fyrirsjáanlegt er að álag á sjúkrahúskerfið getur farið yfir þolmörk varðandi COVID og önnur verkefni, þá leggur sóttvarnalæknir til að gripið verði til harðari samfélagslegra aðgerða til bæla faraldurinn sem mest niður. Vert er að hafa í huga að um 2 vikur tekur að sjá árangur af öllum aðgerðum sem gripið verður til og skýrist það af hinum langa meðgöngutíma sýkingarinnar.

Tillögur mínar um hertar samfélagslegar aðgerðir eru eftirfarandi:

### 1. Gildissvið.

Aðgerðirnar taki gildi svo fljótt sem auðið er og gildi í 2-3 vikur. Stöðugt endurmat verði í gangi á þessum tíma.

### 2. Fjöldatakmarkanir/samkomubann.

Með fjöldatakmörkunum/samkomubanni er átt við eftirfarandi:

- *Ráðstefnur, málþing, fundir o.þ.h.*
- *Skemmtanir, s.s. tónleika, leiksýningar, bíósýningar, íþróttaviðburði og einkasamkvæmi.*
- *Kirkjuathafnir hvers konar, s.s. útfarir, giftingar, fermingar og aðrar trúarsamkomur.*
- *Veitingastaði, mötuneyti, kaffihús og verslanir.*
- *Vinnustaði*

Hámarksfjöldi einstaklinga í sama rými verði 20 einstaklingar. Tryggt verði að blöndun einstaklinga verði ekki á milli hólfra hvorki í inngangi/útgangi, salernisaðstöðu, veitingasölu eða annari þjónustu og að fyllstu sóttvarnaráðstafana sé gætt. Börn fædd 2005 og síðar teljast ekki með.

Ofangreind fjöldatakmörk taka þó hvorki til alþjóðaflugvalla og -hafna né til farþegaferja innanlands eða skipa og loftfara í millilanda- eða innanlandsferðum

Viðbragðsaðilar s.s. lögregla, slökkvilið, björgunarsveitir og heilbrigðisstarfsfólk er undnaðegið fjöldatakmörkunum við störf sín

Matvöruverslunum undir 1.000 m<sup>2</sup> að stærð verði heimilt að hleypa inn 100 einstaklingum en til viðbótar, einum viðskiptavinum fyrir hverja 10 m<sup>2</sup> umfram 1.000 m<sup>2</sup>, þó að hámarki 200 viðskiptavinum í allt.

### 3. Nálægðartakmörkun.

Nálægðartakmörk verði áfram einn metri. Skilgreint verði að rekstaraðilum verði skylt að tryggja eins metra nálægðartakmarkanir á milli einstaklinga „sem ekki eru í nánnum tengslum“. Einstaklingar verði áfram hvattir til að viðhafa eins metra nálægðartakmarkanir eins og hægt er, sérstaklega í samskiptum við ótengda/óskylda aðila. Þar sem að ekki er hægt að viðhafa nálægðarmörk þar er lagt til að andlitsgríma verði notuð og í sumum tilfellum verði hún skylda; sjá kafla 11.

#### 4. Skólar, æskulýðsstarf og fræðslustarfsemi.

##### i. Leik- og grunnskólar.

Engar hömlur gilda hjá börnum sem fædd eru 2005 og síðar heldur einungis hjá eldri einstaklingum. Um þá einstaklinga gildir 20 manna hámarksreglan og eins metra nándartakmörkun. Lögð verði áhersla á einstaklingsbundnar smitvarnir eins og kostur er. Sama gildir um æskulýðsstarf, íþróttir og tómstundir leik- og grunnskólabarna.

##### ii. Framhalds- og háskólar.

Tuttugu manna fjöldatakmarkanir gilda og eins metra nándartakmörkun. Sótthreinsun sameiginlegra snertiflata verði gerð a.m.k. einu sinni á dag. Mikil áhersla verði lögð á einstaklingsbundnar smitvarnir.

Þar sem að hvorki verður hægt að bjóða upp á fjarkennslu né eins metra nálægðartakmörk, verði notkun á andlitsgrímum gerð að skyldu.

#### 5. Sundstaðir og líkamsræktarstöðvar.

Líkamsræktarstöðvum verði lokað.

Sundstöðum verði leyft að hafa opið en tryggt verði að gestafjöldi sé aldrei meiri en 50% af leyfilegum hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi. Sé hámarksfjöldi gesta ekki skráður í starfsleyfi skal miða gestafjölda við 50% þess fjölda sem fataskiptarými gerir ráð fyrir. Börn fædd árið 2005 og síðar eru ekki talin með í gestafjölda.

Sameiginlegi snertifletir verði sóttheinsaðir a.m.k. einu sinni á dag.

#### 6. Íþróttastarf.

- Keppnisíþróttir með snertingu verði leyfðar með hámarksfjölda 50 einstaklinga að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
  - Sér sambönd ÍSí geri reglur um framkvæmd æfinga og keppni í sínum greinum.
  - Reglurnar verði unnar í samvinnu við ÍSí sem leitar sérfræðiráðgjafar hjá sóttvarnalækni
  - Eins metra nándartakmörkun verði virt í búningsklefum og öðrum svæðum utan keppni og æfinga skv. reglum hvers sérsambands ÍSí
  - Áhorfendur verði ekki leyfðir.
  - Keppnisáhöld verði sótthreinsuð milli notenda eins og kostur er og samkvæmt reglum hvers sérsambands ÍSí.
- Íþróttir sem ekki eru innan ÍSí njóti sömu leiðbeininga og sambærilegar íþróttir innan ÍSí.

## 7. **Sviðslistir.**

Snerting milli leikenda og flytjenda verði leyfðar.

Við viðburði þar sem allir sitja verði gerð krafa um númeruð sæti og nafn gesta verði skráð. Heimilt verði að hafa 100 manns í hólf. Skylt verði að áhorfendur noti andlitsgrímur.

## 8. **Skemmti-, vínveitingastaðir, krár og spilasalir.**

Krár, skemmtistaðir og spilasalir verði lokaðir. Veitingahúsum verði leyft að hafa opið til kl. 23:00 en gætt verði að 20 manna fjöldatakmörkunum og eins metra nálægðarmörkum.

Tryggja skal góð loftgæði og stilla hávaða í hól því ef fólk þarf að tala hátt getur það leitt til munnvatnsúða mengunar í andrúmslofti þar sem loftræsting er ekki fullnægjandi.

Sameiginlegir snertifletir verði sótthreinsaðir milli einstaklinga.

## 9. **Vinnustaðir, bílar (vinnuflokkar og leigubílar), verslanir, opinberar byggingar og þjónusta.**

Þessir staðir skipuleggi starfsemi sína í samræmi við ofangreint og tryggi að ekki séu fleiri en 20 einstaklingar í sama rými og að í minni rýmum séu ekki fleiri en svo að hægt sé að tryggja eins metra fjarlægð milli einstaklinga.

- Þjóða skal starfsmönnum fjarvinnu eins og kostur er.
- Þar sem ekki er hægt að bjóða fjarvinnu eða tryggja eins metra nándartakmörk fyrir starfsmenn er skylt að andlitsgrímur verði notaðar.
- Tryggja skal góð loftgæði og stilla hávaða í hól því ef fólk þarf að tala hátt getur það leitt til munnvatnsúða mengunar í andrúmslofti þar sem loftræsting er ekki fullnægjandi.
- Tryggður verði aðgangur að handsótthreinsi fyrir almenning og starfsmenn við innganga og í grennd við yfirborð sem margir snerta s.s. snertiskjái, afgreiðslukassa og innkaupakerrur.
- Sinnt verði þrifum og sótthreinsun yfirborða sem margir snerta eins oft og unnt er.
- Almenningur og starfsmenn verði minntir á einstaklingssóttvarnir með merkingum og skiltum.
- Matvöruverslunum undir 1.000 m<sup>2</sup> að stærð verði heimilt að hleypa 100 einstaklingum í sama rými á hverjum tíma. Til viðbótar verði leyft að hleypa einum viðskiptavini inn fyrir hverja 10 m<sup>2</sup> umfram 1.000 m<sup>2</sup>, þó að hámarki 200 viðskiptavinum í allt.

## 10. **Söfn og aðrir opinberir staðir** tryggi að farið sé eftir 20 manna fjöldatakmörkunum, bil milli ótengdra aðila sé yfir einn metra. Að öðrum kosti verði skylt að bera andlitsgrímur.

11. Starfsemi sem eðlis síns vegna krefst meiri nálægðar en eins metra svo sem innan heilbrigðisþjónustunnar, á hárgreiðslustofum, nuddstofum og í almenningssamgöngum, skal nota andlitsgrímu sem hylur nef og munn þar sem eins metra fjarlægð milli einstaklinga verður ekki viðkomið eða loftgæði eru ekki góð. Andlitsgrímur sem notaðar eru utan heilbrigðisþjónustu skulu uppfylla kröfur sem fram koma í vinnustofusamþykkt evrópsku staðlasamtakanna (CEN). Sóttvarnalæknir getur sett nánari leiðbeiningar um kröfur til andlitsgríma. Leitast skal við að bæði viðskiptavinur og þjónustuaðili noti grímur samtímis eins og hægt er.

Ég er tilbúinn að ræða frekari útfærslur á ofangreindum tillögum sem og nánari hugmyndir.